


STARFSÁÆTLUN UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐS 2019

MÁLAFLOKKAR 03 að hluta, 07, 08, 09, 10, 11, 13 að hluta,
31
OG 32 að hluta

DEILISKIPULAG ÍÞRÓTTASVÆÐIS DALVÍKUR



Efnisyfirlit

Starfsáætlun umhverfis-og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar.....	2
1. Leiðarljós.....	2
2. Hlutverk	2
3. Helstu verkefni og innra starf	3
4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018)	5
5. Meginverkefni næsta árs (2019).....	6
Greinargerð um breytingar og nýmæli	7
3ja ára áætlun	8

Starfsáætlun umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar

1. Leiðarljós

Umhverfis- og tæknisviði Dalvíkurbyggðar hefur að markmiði að veita trausta og góða þjónustu til allra íbúa Dalvíkurbyggðar innan marka laga, reglna og samþykktar sveitarfélagsins.

Starfsmenn sviðsins leitast við að sýna viðskiptavinum sviðsins og samstarfsmönnum jákvæðni og þjónustulund og gæta jafnræðis í hvívetna.

Mikilvægt er að starfsmenn sviðsins gæti trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæti þagmælsku þar sem við á.

Ætlunarverk umhverfis- og tæknisviðs er að fullnægja þörfum og væntingum viðskiptavina sviðsins með því að veita þeim nútímanlega, áreiðanlega og skjótvirka þjónustu og ráðgjöf.

Leiðarljós umhverfis- og tæknisviðs eru:

- Að reyna ávallt að koma til móts við þarfir og væntingar viðskiptavina sinna innan marka laga, reglna og samþykktar sveitarstjórnar.
- Að leitast ávallt við að sýna viðskiptavinum sviðsins og samstarfsmönnum jákvæðni og þjónustulund og gæta jafnræðis í því sambandi.
- Að starfsmenn sviðsins vinni saman sem samstilltur hópur að markmiðum sviðsins.
- Að unnið sé eftir þjónustustefnu sveitarfélagsins.
- Að starfsmenn gæti trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara með samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins samkvæmt.
- Að leitast við að gera betur í dag en í gær og ennþá betur á morgun.
- Hámarksnýting og lágmarkssóun.

2. Hlutverk

Eftirfarandi málaflokkar falla að hluta eða í heild sinni undir umhverfis- og tæknisvið: 03 að hluta, 07 Brunamál og almannavarnir, 08 Hreinlætismál, 09 Skipulags- og byggingarmál, 10 Umferðar- og samgöngumál, 11 Umhverfismál, 13 Landbúnaðarmál, 31 Eignasjóður og 32 sem eru fjárfestingar eignasjóðs. Viðskiptavinir sviðsins eru allir íbúar sveitarfélagsins en mikil samskipti eru einnig við verktaka á svæðinu. Það er einnig hlutverk sviðsins að vera öðrum sviðum og stofnunum Dalvíkurbyggðar til ráðuneytis um tæknileg málefni svo og byggðarráði og sveitarstjórn.

Framtíðarsýn umhverfis- og stjórnsýslusviðs er að tileinka sér kosti upplýsingartækninnar og nýjustu kenningar og tæki umhverfis, skipulags og byggingarmálu ásamt opinberri stjórnsýslu til að vinna að því að Dalvíkurbyggð verði meðal framsæknustu sveitarfélaga landsins sem veiti íbúum sínum gæðþjónustu.

Viðskiptavinir umhverfis- og tæknisviðs eru:

Ytri viðskiptavinir:

- Íbúar Dalvíkurbyggðar.
- Fyrirtæki í sveitarfélaginu.
- Allir sem leita eftir almennum upplýsingum um þjónustu og starfsemi Dalvíkurbyggðar.
- Ýmsar opinberar stofnanir og fyrirtæki.

Innri viðskiptavinir:


- Kjörnir fulltrúar Dalvíkurbyggðar.
- Fagsvið sveitarfélagsins, fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins.
- Starfsmenn Dalvíkurbyggðar.

3. Helstu verkefni og innra starf


Helstu verkefni umhverfis og tæknisvið eru; brunamál og almannavarnir, hreinlætismál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál, umhverfismál, landbúnaðamál, eignasjóður og fjárfestingar eignasjóðs. Almenn þjónusta við viðskiptavini sveitarfélagsins, innri og ytri. Eftirlit og umsjón með hunda og kattahaldi. Ráðgjöf við önnur fagsvið og allar stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins. Fundir umhverfis og landbúnaðarráðs.

umhverfis- og tæknisvið er eitt af 5 fagsviðum sveitarfélagsins, sjá nánar skipurit Dalvíkurbyggðar.

Skipurit Dalvíkurbyggðar



Skipurit Dalvíkurbyggðar Umhverfis- og tæknisvið



4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018)

- **Eignasjóður:**

Ný rennibraut var sett upp við sundlaug Dalvíkur og töluverðar endurbætur hafa verið gerðar á útisvæðinu þar í kring. Komið var upp sorpskýli við íþróttamiðstöðina og má segja að það sé fyrsta stofnunin í eigu Dalvíkurbyggðar sem fær almennilega aðstoðu fyrir sorp. Nýtt þak var sett á elsta hluta Dalvíkurskóla og lagfæringar gerðar innahúss í Víkurröst ásamt því að húsið var málað að utan.

Ýmsar minni lagfæringar og endurbætur á stofnunum sveitarfélagsins voru einnig framkvæmdar á árinu.

- **Skipulagsmál:**

Nokkur deiliskipulög voru unnin á árinu og má þar helst nefna, deiliskipulag Hóla- og túnahverfis, deiliskipulag íþróttasvæðis á Dalvík og deiliskipulag Lokastígsreits á Dalvík.

Í vinnslu eru deiliskipulag Laugahlíðarhverfis og Fólkvangsins og gert ráð fyrir að þau fari langt á árinu.

- **Byggingarmál:**

Áframhaldandi uppbygging er í Dalvíkurbyggð og eru nú í byggingu fimm einbýlishús og Samherji hefur hafið byggingu hátækifrystihúss við Sjávarbraut 2 á Dalvík. Töluvert fleiri lóðum hefur verið úthlutað sem ekki eru hafnar framkvæmdir á.

Þessum framkvæmdum fylgja töluverðar úttektir og umsýsla á tæknideild.

Mikil vinna var lögð í afritun á teikningasafni sveitarfélagsins, en ráðin var starfsmaður í það verkefni í hlutastarf, og mestur hluti af teikningarsafni embættissins aðgengilegur á vef sveitarfélagsins. Það er þó þörf á áframhaldandi vinnu við þetta verkefni þar sem enn bætast teikningar við.

Embætti byggingarfulltrúa Dalvíkurbyggða hefur tekið upp úttektarkerfi

Mannvirkastofnunar og á haustdögum mun Eikaleyfastofa taka út gæðastjórnunarkerfi embættissins, en lögum samkvæmt skal unnið eftir slíku kerfi.

- **Gatnaframkvæmdir.**

Lokið var við framkvæmdir nýlögn á Ægisgötu á Árskógssandi og nýr vegur gerður milli Ægisgötu og Öldugötu. Lagt var nýtt malbik á Hjarðarhlóð og nýlögn nýlögn frá Karlsrauðatorgi að Melum og Dalbæ. Lagfæringar voru einnig gerðar við nýbyggingar við Kirkjuveg og ný göngustígur lagður. Olíumöl mun verða sett á báða afleggera í Laugarhlíðarhverfi í haust og vinna við endurbætur á vegi að Framnesi ásamt gögnustíg að kotunum í vinnslu. Einnig er í vinnslu áningarstaður við Hrísatjörn, en Framkvæmdarsjóður ferðamannaþá styrkti það verkefni með rausnarlegum styrk í upphafi árs. Síðan voru töluverðar holuviðgerðir lít og undanfarin ár.

- **Landbúnaðarmál.**

Áfram var haldið vinnu við endurnýjun á fjallgirðingu á Árskógsströnd og á vormánuðum var samið um vinna og efni við þann áfanga sem ráðgert var að framkvæma í sumar.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Unnið er í samvinnu við sviðsstjóra félagsmálasvið og sveitarstjóra að byggingu sambýlis fyrir fatlað fólk í Dalvíkurbyggð, en sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs sýtur í stjórn leiguíbúða Dalvíkurbyggðar Hses.
- Vinna vegna framkvæmda á hafnarsvæði í samvinnu við veitu- og hafnarsvið.
- Eigið eldvarnareftirlit (eldvarnarbandalagið) í samvinnu við VIS.
- Umferðaröryggisáætlun í samvinnu við Vegagerðina.
- Endurskoðun á byggingarreglugerð í samvinnu við félag byggingafulltrúa.

5. Meginverkefni næsta árs (2019)

- Gert er ráð fyrir að komið verði á fót þjónustumiðstöð.
- Bygging sjö íbúða fyrir fatlað fólk á vegum Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar Hses, sem gert er ráð fyrir að tekið verði í notkun á haustmánuðum.
- Eftirlit með byggingarframkvæmdum og öðrum þeim framkvæmdum sem heyra undir umhverfis- og tæknisvið.
- Deiliskipulag í landi Upsa verður endurskoðað. Deiliskipulag á Hauganesi verður unnið. Einnig verður hafin vinna við endurskoðun á Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar.

5.1 Verkefni sem byrjað var á 2018 sem mögulega halda áfram inn á árið 2019:

- Gert er ráð fyrir að vinna við deiliskipulag á fólkvanginum ofan Dalvíkur og deiliskipulag Laugarhlíðarhverfis klárast á næsta ári, en sú vinna er í gangi 2018.
- Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram vinnu við endurnýjun á fjallgirðingu á Árskógsströnd og eins þarf að setja vinnu í gerð samkomulags við alla landeigendur á svæðinu og í framhaldinu þinglýsa því sem kvöð á hverja jörð.
- Uppsögn á erðafestusamningum og gerð nýrra lóðarleigusamninga á Hauganesi.
- Endurmæling á lóðum og gerð nýrra lóðarleigusamninga.
- Endurskoðun á gömlum leigusamningum beitar og ræktunarlanda.
- Bygging sjö íbúa á vegum Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar Hses.

Ný verkefni og verkefni í sívinnslu inn á árið 2019:

- Íbúfundur vegna sorpmála.
- Opnir íbúfundir vegna skipulagsmála, þar með talið endurskoðun á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggjar
- Áhættumat; eftirfylgni og endurmat. Slökkviliðsstjóri heldur utan um verkefnið fyrir hönd Dalvíkurbyggðar.
- Gerð viðhaldáætlunar fyrir allar fasteignir eignasjóðs Dalvíkurbyggðar, en fest var kaup á viðhaldkerfinu BYGG frá Hannarr.
- Samþykktir og reglur er heyra undir umhverfis- og tæknisvið endurskoðaðar ef ástæða þykir til.
- Unnið verður áfram að því að minnka pappírsmarkmiðsetningu sviðsins og ímynd sveitarfélagsins.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Gert er ráð fyrir að komið verði á fót þjónustumiðstöð.
- Heilsueflandi Dalvíkurbyggð; unnið að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum.
- Umhverfis og auðlindastefna.
- Endurskoðun á umferðaröryggisáætlun.
- Endurskoðaðir verða gindandi samningar um snjómokstur og slátt á opnum svæðum og eins lóðum við stofnanir sveitarfélagsins og jafnvel boðið út að nýju.

Greinargerð um breytingar og nýmæli

Bílamál:

- Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs sviðs hafði heimild til kaupa á rafmagnsbirfreid fyrir sviðið, en ákveðið var að endurskoða bílaeign sveitarfélagsins í heild og gera áætlun um nýkaup og eða endurnýjun. Sú vinna er lagt komin og gert ráð fyrir að þau mál skýrist í upphafi árs.

Úttektarapp MVS og breytingar á byggingarreglugerð:

- Umhverfissvið hefur hafið notkun á úttektarkerfi Mannvirkastofnunar og verlagi yfirferða teikninga og framkvæmd úttekta breytt í samræmi við þær breytingar sem tekið hafa gildi á byggingarreglugerð.

Þjónustumiðstöð:

- Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir að komið verði á fót þjónustumiðstöð sem mun halda utanum bæði þjónustu við íbúa og eins þá þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins þurfa á að halda. Nánari útfærsla á þjónustumiðstöðinni liggur ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

	Raun	Raun	Áætlað	Áætlað
Nokkrar lykiltölur umhverfis- og tæknisviðs:	2016	2017	2018	2019
Fjöldi útgefna byggingarleyfa	10	15	16	18
Fjöldi útgefna framkvæmdarleyfa	4	8	6	8
Fjöldi útgefna búfjárleyfa	3	3	4	4
Sorpmagn	783 tonn	914 tonn	950 tonn	980 tonn
Fjöldi funda umhverfisráðs	13	14	14	14
Fjöldi funda landbúnaðarráðs	7	7	7	7

3ja ára áætlun

Forsendur

- Frekari eftirfylgni og uppbygging á rafrænni stjórnsýslu og miðlun upplýsinga, innri og ytri.
- Endurnýjun á tölvu- og hugbúnaði samkvæmt endurnýjunaráætlun.
- Endurnýjun og uppfærsla á hugbúnaði samkvæmt þarfagreiningu.
- Innleiðing á rafrænu úttektarkerfi frá One systems.
- Endurnýjun bílaflota sveitafélagsins samkvæmt tillögum.

Efnahagur:

	2019	2020	2021	2022
Nýframkvæmdir gatna	45	50	50	65
Stofnframlag vegna leiguíbúða Dalvíkurbyggðar Hses	(32.763)	0	0	0
Götulýsing	5	8	8	10

Börkur Þór Ottósson
 Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs

Dalvíkurbyggð 7. september 2018